

Dvalarstig á Landspítala

Upplýsingar fyrir sjúklinga og aðstandendur

Á Landspítala er sjúklingur með samþykkt færni- og heilsumat og í bið eftir varanlegu hjúkrunarrými á dvalarstigi.

Í því felst að greiningu og meðferð bráðra veikinda er lokið og þjónustan felst í hjúkrun sambærilegri við það sem gerist á hjúkrunarheimilum. Læknar ganga ekki reglulega til sjúklinga á dvalarstigi en hægt er að kalla til lækni ef bráð veikindi eða önnur læknisfræðileg vandamál koma aftur upp.

Sjúklingar á dvalarstigi á legudeildum sem ekki geta útskrifast heim, flytjast í biðpláss. Landspítali hefur aðgang að biðplássum á Vífilsstöðum, Landakoti, mörgum hjúkrunarheimilum á höfuðborgarsvæðinu, Akranesi og Borgarnesi. Einnig hefur Landspítali aðgang að varanlegum hjúkrunarrýmum á Selfossi. Biðplássum er úthlutað af spítalanum, það er ekki hægt að velja um þau.

Bið eftir hjúkrunarheimili getur tekið marga mánuði. Mælt er með að sækja um öll hjúkrunarheimili á höfuðborgarsvæðinu og alls ekki færri en fjögur til að stytta biðina eins og hægt er. Taka þarf fyrsta pláss sem býðst. Ef síðan er óskað eftir öðru hjúkrunarheimili er hægt að fara á biðlista eftir óskaheimilinu. Til þess er gert flutningsmat hjá færni- og heilsumatsnefnd, vistunarmat@heilsugaeslan.is

Útskriftardagur

Frá fyrsta degi á dvalarstigi hefst undirbúningur fyrir útskrift. Tímasetningin er þó í stöðugri endurskoðun með hliðsjón af ástandi sjúklings, aðstæðum á sjúkrahúsinu og framboði á biðrymum og varanlegum hjúkrunarrýmum.

Ákvörðun um flutning í biðrymi getur komið með stuttum fyrirvara, jafnvel samdægurs. Ekki er heimilt að hafna plássi.

Þegar kemur að flutningi þarf að hafa meðferðis:

- Góða og stöðuga skó
- Eigin föt til skiptanna
- Hjálpartæki sem eru notuð daglega svo sem sessu, sokkaifæru, göngugrind og hjólastól
- Gleraugu og heyrnartæki

Gagnlegt er að merkja fatnað og hluti í einkaeign.

Viðhald færni

Langvinn dvöl á sjúkrahúsum felur í sér hættu á líkamlegri og andlegri afturför. Til að viðhalda færni er mælt með að sjúklingar geri sem mest sjálfir og fái einungis hjálp við það sem þeir geta ekki gert hjálparlaust. Í því felst meðal annars að:

- Klæðast eigin fötum á hverjum morgni og snyrta sig eftir getu.
- Borða sitjandi við borð eða í setustofu þar sem hægt er.
- Drekkja vel, nokkur vatnsglös á dag.
- Láta vita ef breyting verður á líðan svo sem verkir, óþægindi við þvaglát, breytingar á hægðum, ógleði, svimi eða önnur einkenni.
- Þiggja boð aðstandenda um bíltúra, heimsóknir, dagsleyfi eða aðra tilbreytingu.

Önnur þjónusta

Sjúklingur og aðstandendur hans geta óskað eftir fjölskyldufundi til að ræða aðstæður og ástand, fá upplýsingar um mögulega þjónustu, aðstoð við að útvega þjónustu heim eða leiðbeiningar um umsóknir um hjúkrunarheimili.

Hafið samband við hjúkrunarfræðing á deildinni til að fá upplýsingar um stöðu mála eða ef spurningar vakna.

Einnig veitir starfsfólk færni- og heilsumatsnefndar upplýsingar í síma 513 6819, virka daga milli kl. 11:00 og 12:00, og með tölvupósti á netfangið vistunarmat@heilsugaeslan.is